


# ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS



Reykjavík 7. desember 1998.

*Alþingi*  
*Erindi nr. P/123/580*  
*komudagur 11.12.198*

Efnahags- og viðskiptanefnd  
Nefndarsvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

## **Efni: Umsögn vegna máls nr. 278**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, mál nr. 278.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ýmsum ólíkum þáttum laganna og telur ASÍ þær til bóta.

Í 8. gr. frumvarpsins er lagt til að leiðrétt verði meðferð ónýttts persónuafsláttar og gert ráð fyrir fastri hlutfallslegri skiptingu hans. Þau hlutföll sem í frumvarpinu eru samræmast ekki núverandi hlutfalli tekjuskatts og fjármagnstekjuskatts. Til þess að ekki þurfi að breyta þessu ákvæði laganna í hvert sinn sem skatthlutföllum er breytt myndi horfa til bóta ef í 8.gr. væri einfaldlega tekin fram reiknireglan sem þá væri: Skatthlutfall fjármagstekjuskatts / skatthlutfall tekjuskatts.

Virðingarfyllst,  
f.h. Alþýðusambands Íslands

Grétar Þorsteinsson,  
forseti ASÍ.